

46

22. marz

AUGLÝSING

um leiðréttingu á lyfsöluskrá II frá 1. júní 1956.

0 Gevral, Lederle, Caps. x 30	L 61.90
0 — — — x 100	149.95
0 Gevrine, Lederle, Caps. x 30	R 73.90
0 — — — x 100	177.35

Þessi sérlyf má ekki hækka, þótt önnur sérlyf, sem greind eru í nefndri lyfsöluskrá II verði hækkuð.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 22.marz 1957.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Baldur Möller.

47

20. marz

REGLUGERÐ

um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

1. gr.

Sjóðstjórnin má gera það að skilyrði fyrir upptöku starfsmanna í flokki þeirra, sem greindir eru í 1.—2. tölulið 4. gr. laga nr. 64 1955, í tölu sjóðfélaga, að allir starfsmenn stofnunar þeirrar, sem starfsmaðurinn vinnur í, bæjar-, sýslu eða sveitarfélags sem eru 18 ára eða eldri og uppfylla skilyrði fyrir því að geta verið sjóðfélagar, gangi í sjóðfélagið.

2. gr.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skal kjósa einn mann í stjórn lífeyrissjóðsins í stað sjóðfélaga eða félagsskapar þeirra, sbr. 6. gr. laga nr. 64 1955.

3. gr.

Starfstími sjóðfélaga telst sá tími, sem hann hefur greitt iðgjöld til sjóðsins. Starfstíminn þarf ekki að vera samfelldur.

Starfstími þeirra sjóðfélaga, sem keypt eru réttindi vegna starfa, er þeir hafa haft með höndum áður en þeir gerðust sjóðfélagar, ákvarðast með tilliti til þess.

4. gr.

Á meðan ákveðið er, að ríkissjóður greiði uppbætur á lífeyri, skal lífeyrir sjóðfélaga ákveðinn þannig, að fundin eru í gildandi launalögum grunnlaun þeirra launaflokka, sem sjóðfélaginn hefur verið í síðustu 10 starfsár hans. Af meðaltali þeirra grunnlauna skal taka jafn marga hundraðshluta og starfstími sjóðfélagans gefur tilefni til samkvæmt lögum nr. 64/1955, og telst það grunnlífeyrir sjóðfélagans. Á grunnlífeyrinn skal síðan greiða verðlagsuppbót eftir sömu reglum og greitt er á laun opinberra starfsmanna, sem laun taka eftir launalögum.

Pegar í hlut á sjóðfélagi, sem ekki hefur tekið laun samkvæmt hinum almennu launalögum, skal fyrst finna til hvaða launaflokka laun þau hafa svarað, sem hann hefur tekið síðustu 10 starfsárin. Út frá þeim er svo lífeyrir hans fundinn samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar.